GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hverageröi 1992.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Hverageröi sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 293/1988 um hundahald í umdæmi Hverageröisbæjar, skal vera kr. 6 000 á árinu 1992.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1992.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

Við greiðslu hundaleyfisgjalds skal leyfishafi framvísa staðfestingu viðurkennds tryggingafélags um að hundurinn sé ábyrgðartryggður fyrir yfirstandandi ár.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. og 6. gr. samþykktar nr. 293/1988 skal vera kr. 4 000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hverageröis, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. apríl 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.